



**132. fundur  
íþróttaráðs  
haldinn á Digranesvegi 1, Vatnsenda 1. hæð,  
fimmtudaginn 25. maí 2023 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Sverrir Kári Karlsson, Elísabet Berglind Sveinsdóttir, Gunnar Gylfason, Matthías Hjartarson, Sunna Guðmundsdóttir, Thelma Bergmann Árnadóttir, Leó Snær Pétursson, Gunnar Guðmundsson, Jón Júlíusson og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar

**Dagskrá:**

**Almenn mál**

1. 23051468 - Skautasamband Íslands - Kynning á aðstöðumálum.  
*Á fundinn mætti Þóra Gunnarsdóttir frá Skautasambandi Íslands og kynnti aðstöðumál Ísíþróttaráðs á höfuðborgarsvæðinu.*  
**Íþróttaráð þakkar Þóru góða kynningu.**
2. 2210956 - Jafnréttisáætlun Kópavogs 2023-2026  
*Á fundinn mætti Auður Kolbrá Birgisdóttir, jafnréttisráðgjafi Kópavogsbæjar og kynnti drög að jafnréttis og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar. Drög að stefnunni eru tilbúin og er óskað eftir umsögn frá íþróttaráði.*  
**Íþróttaráð þakkar Auði fyrir góða kynningu og frestar málinu til næsta fundar.**

**Aðsend erindi**

19. 23041843 - Athugasemdir frá Íþróttafélaginu Gerplu vegna nýsamþykktra reglna um ferðastyrki og afrekssjóð  
*Lagt fram erindi frá Íþróttafélaginu Gerplu, dags. 24. apríl 2023, þar sem félagið óskar eftir því að íþróttaráð endurskoði nýsamþykktar reglur um ferðastyrki og afrekssjóð.*  
**Íþróttaráð þakkar Gerplu fyrir erindið. Ekki stendur til að breyta nýsamþykktum reglum, en þær eru teknar til endurskoðunar árlega. Í því sambandi verða heildaráhrif metin og samtal átt við önnur sveitarfélög.**

**Bókun:**

"Það eru ekki góð vinnubrögð að Íþróttaráð skuli ekki taka tillit til þeirra athugasemda sem koma fram í bréfi frá íþróttafélaginu Gerplu en þar kemur fram að þeir iðkendur hjá íþróttafélaginu fái ekki afreks og ferðastyrki þegar þeir eru valdir til þátttöku í landsliðum nema þeir eigi lögheimili í Kópavogi. Þessi breyting um lögheimili sem að sett var inn í reglugerðina á seinni stigum mun hafa þær afleiðingar að þeir íþróttamenn sem búa í öðru bæjarfélagi en keppa fyrir félag í Kópavogi



geta ekki sótt um þessa styrki.  
Þetta var ekki markmiðið á vinnufundi Íþróttaráðs 16.mars 2023 þar sem reglugerð um afrekssjóð var endurskoðuð."

Leó Snær Pétursson.

Bókun:

"Því er vísað á bug að ekki hafi verið vandað til verka eða tekið tillit til athugasemda og ólíkra sjónarmiða. Sérstakur vinnufundur fór fram hjá ráðinu þar sem breytingar voru ræddar á reglunum. Í kjölfarið voru breytingar á reglunum ræddar og svo lagðar fyrir íþróttaráð og samþykktar án athugasemda eins og sjá má í 130. fundargerð íþróttaráðs."

Sverrir Kári Karlsson  
Elísabet Berglind Sveinsdóttir  
Sunna Guðmundsdóttir  
Gunnar Gylfason  
Thelma Bergmann Árnadóttir

20. 2302382 - Skíðagöngufélagið Ullur - Tengibraut úr Guðmundarlundi í Heiðmörk  
*Lagt fram að nýju erindi frá Skíðagöngufélaginu Ulli, dagsett 8. febrúar 2023, þar sem félagið vill kanna möguleika á tengibraut frá Guðmundarlundi við skíðagönguleiðir í Heiðmörk.  
Erindinu var frestað á fundi ráðsins 30. mars s.l og starfsmönnum falið að afla frekari gagna.*  
**Íþróttaráð lítur jákvætt á erindið og felur starfsmönnum deildarinnar að vinna áfram að verkefninu með þeim aðilum er málið varðar.**
21. 23051342 - Breiðablik - Ósk um vallanotkun v Síamótsins 2023  
*Lagt fram erindi frá Breiðablik, dags 14.05.2023, þar sem óskað er eftir afnotum af knattspyrnuvöllum fyrir Síamótið sem fram fer dagana 13. -16. júlí.*  
**Íþróttaráð samþykkir erindið.**
22. 23051638 - HK - Ósk um aðstöðu vegna Öldungamóts í blaki vorið 2025  
*Lagt fram erindi frá HK, dags 19.05.2023, þar sem óskað er eftir afnotum af knattspyrnuhöllinni í Kórnum fyrir Öldungablakmótið í blaki sem fram fer dagana 1. -3. maí 2025 í Kópavogi.*  
**Íþróttaráð samþykkir erindið.**

### Iðkendastyrkir

3. 23051640 - Iðkendastyrkir 2023  
*Lögð fram tillaga íþróttadeildar að úthlutun iðkendastyrkja/starfsstyrkja íþróttaráðs fyrir árið 2023.*



**Íþróttaráð samþykkir framlagða tillögu.**

4. 23051363 - Gerpla - Iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 5.706.208,-**
5. 23051336 - Skotíþróttafélag Kópavogs - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 73.131,-**
6. 23051396 - Breiðablik - Iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 9.455.663,-**  
**Styrkurinn skiptist eftirfarandi niður á deildir félagsins:**  
**Frjálsíþróttadeild: kr. 407.163,-**  
**Hjólreiðardeild: kr. 0,-**  
**Hlaupadeild: kr. 0,-**  
**Íþróttaskóli: kr. 185.793,-**  
**Karatedeild: kr. 401.233,-**  
**Körfuknattleiksdeild: kr. 1.035.695,-**  
**Knattspyrnudeild: kr. 5.741.785,-**  
**Kraftlyftingadeild: kr. 23.718,-**  
**Rafíþróttir: kr. 488.200,-**  
**Skíðadeild: kr. 86.976,-**  
**Sunddeild: kr. 735.265,-**  
**Skákdeild: kr. 160.098,-**  
**Taekwondodeild: kr. 189.746,-**  
**Þríprautadeild: kr. 0,-**
7. 23042094 - Bogfímifélagið Boginn - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð frestar afgreiðslu.**
8. 23051395 - Sprettur - iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð frestar afgreiðslu.**
9. 23051360 - Íþróttafélagið Ösp - Iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 49.413,-**
10. 23051361 - Hnefaleikafélag Kópavogs - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 391.351,-**
11. 23051397 - GKG - Iðendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 1.239.277,-**
12. 23051364 - TaeKwonDo félag Kópavogs - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 298.454,-**



13. 23051389 - DÍK - Iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 361.703,-**
14. 23051466 - Ýmir - Iðkendastyrkir 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 110.685,-**
15. 23051463 - Skautafélag Reykjavíkur íshökkýdeild - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita deildinni styrk að upphæð kr. 67.202,-**
16. 23051921 - Dansfélagið Hvönn - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 486.223,-**
17. 23042098 - HK - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 6.267.539,-**  
**Styrkurinn skiptist eftirfarandi niður á deildir félagsins:**  
  
**Bandýdeild: kr. 201.605,-**  
**Blakdeild: kr. 587.026,-**  
**Borðtennisdeild: 59.296,-**  
**Dansdeild: kr. 383.445,-**  
**Handknattleiksdeild: kr. 2.049.649,-**  
**Íþróttaskóli kr. 23.718,-**  
**Knattspyrnudeild: kr. 2.962.801,-**
18. 23051398 - TFK - Iðkendastyrkur 2023  
**Íþróttaráð samþykkir að veita félaginu styrk að upphæð kr. 434.834,-**

#### **Önnur mál**

23. 23051955 - Stætisvagnaleið sem tengir íþróttasvæði og frístundaheimili  
*Lagt fram erindi frá Matthíasi Hjartarsyni, þar sem lagt ert til að komið verði upp strætisvagneleið sem tengir íþróttasvæði og frístundaheimili innan bæjarins saman.*  
**Íþróttaráð tekur jákvætt í erindið og lýsir yfir vilja til að kanna málið frekar.**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**



|  |  |
|--|--|
|  |  |
|  |  |
|  |  |
|  |  |